

BORGARRÁÐ 11.5.'17: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um lagfæringar á lóð frístundaheimilisins Stjörnulands við Ingunnarskóla - R17050084

Lagt er til að lóð frístundaheimilisins Stjörnulands við Ingunnarskóla verði lagfærð og fegrð sem fyrst. Ástand lóðarinnar er allsendis óviðunandi en þar er opið grassvæði og moldarsvað sem verður að aurbleytu í rigningum. Afmarka þarf leiksvæði fyrir frístundaheimilið og koma þar fyrir leiktækjum.



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Málsnr.: R17050084
Skjalasafn Ráðhúss
21. ágú. 2017
Bréfalykill: 4450

Mál nr. R17050084 USK2017050048

Borgarráð

Efni : Lóð frístundaheimilisins Stjörnulands við Ingunnarskóla, Kirkjustétt 2-6

Vísað er til tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins í borgarráði þann 11.5.2017 um lagfæringar á lóð frístundaheimilisins Stjörnulands við Ingunnarskóla.
„Lagt er til að lóð frístundaheimilisins Stjörnulands við Ingunnarskóla verði lagfærð og fegruð sem fyrst. Ástand lóðarinnar er allsendis óviðunandi en þar er opið grassvæði og moldarsvað sem verður að aurbleytu í rigningum. Afmarka þarf leiksvæði fyrir frístundaheimilið og koma þar fyrir leiktækjum.“ Tillagan var send Umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar.

Umsögn Umhverfis- og skipulagssviðs:

Lóð frístundaheimilisins Stjörnulands Kirkjustétt 2-6 við Ingunnarskóla er í leiguhúsnaði og er ekki í eigu borgarinnar. Frístundaheimilið er staðsett á næstu lóð við Ingunnarskóla og samnýtir lóð og leiktæki skólans. Árið 2013 var gert samkomulag við leigusala Kirkjustéttar 2-6 um að leigusali gerði lagfæringar á lóð Kirkjustéttar 2-6. Reykjavíkurborg greiddi þá ca. helming af kostnaði við lagfæringarnar. Til stóð að fara í meiri framkvæmdir á lóðinni en hluti húseigenda lagðist alfarið gegn frekari lagfæringum. Auk þess neituðu húseigendur að taka þátt í kostnaði við eðlilegar lagfæringar á lóðinni.

Reykjavík 16. ágúst 2017

Ólafur Ólafsson
deildarstjóri
Skrifstofu framkvæmda og viðhalds
Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar

